

BORGARRÁÐ 8. desember 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun ákvörðunar um að leggja niður Vin - MSS22120043

Flokkur fólksins leggur til að tillaga meirihlutans um að leggja niður starfsemi Vinjar verði endurskoðuð. Það hlýtur að vera hægt að spara á öðrum sviðum en að taka frá fólki með geðraskanir vettvang þar sem þeir njóta félagsskapar. Vin er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir sem hefur verið rekið í um þrjátíu ár. Vin er stórum hópi gríðarlega mikilvægur staður enda er þar góð og mikil starfsemi. Fulltrúa Flokks fólksins finnst ekki ganga að niðurskurðarhnífurinn gangi svo nærri þjónustu sem þessari. Það er viðkvæmur hópur sem sækir Vin og margir líta á staðinn sem sitt annað heimili.